

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Reykjavík, 2. nóvember
2022UST202202-339/G.S.O.
08.10.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 4. ágúst 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 12. júlí sl. Frestur var veittur til 26. ágúst 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal einnig færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.
Frávikinu var lokað með bréfi 4. ágúst.
2. **Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015 og endurskoðuð á 4 ára fresti. Engin umhverfismarkmið liggja fyrir.
Umhverfismarkmið hafa borist Umhverfisstofnun og telst frávikinu því lokið.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur